

Sorpa b.s.  
Gufunesvegi  
112 Reykjavík

Selfoss, 18.12.2024  
UST202401-176/H.M.V.  
08.14.02

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 29. október 2024 - Sorpa GAJA, Álfsnesi, ID nr. 476

Þann 29. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í gas- og jarðgerðarstöð Sorpu (GAJA) í Álfsnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik. Úrbótum hefur ekki miðað áfram í takti við þá úrbótaáætlun sem rekstraraðili lagði fram í upphafi þann 10. janúar 2023. Síðast sótti rekstraraðili um framlengdan frest vegna úrbóta og miðaði við að ná þeim fram fyrir þann 30. júní 2024. Við eftirlit nú kom fram að úrbætur hafa ekki gengið eftir en verið er að vinna að lausnum til að ná fram úrbótum (sjá frekari umfjöllun í skýrslu). **Varðar frávikin sama atriði og kemur fram í eftirliti nú. Við eftirlit komu fram frekari upplýsingar um stöðu mælibúnaðar og er það mat eftirlitsaðila að það þurfi að leggja fram uppfærða markvissa tímalínu til úrbóta út frá þeim nýjum upplýsingum sem komu fram við eftirlit. Mikilvægt er að úrbætur dragist ekki fram úr hófi og óskar því Umhverfisstofnun eftir stöðuskýrslu/minnisblaði vegna stöðu úrbóta og framgangs þeirra áfanga/verkefna sem komu fram í eftirliti eins og lagt er fram í skýrslu eftirlits.**

### Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Ábending er lögð fram vegna seinna viðbragða rekstraraðila gagnvart veittum upplýsingum til Umhverfisstofnunar út frá lyktarmengunaratviki fyrir í haust (sjá nánar í umfjöllun undir umfang eftirlits). Vísast sérstaklega í gr. 3.5 í starfsleyfi um að tilkynna beri Umhverfisstofnun um skipulegar aðgerðir sem valdið geta auknu lyktarónæði frá starfseminni. Verði losun á gasi eða lyktarsterku lofti fyrir slysi eða vegna óhapps ber rekstraraðila að tilkynna það Umhverfisstofnun svo fljótt sem auðið er. Jafnframt skal upplýsa

almenning um slíkt svo fljótt sem auðið er, t.d. með tilkynningu á vefmiðlum rekstraraðila, sbr. gr. 2.8.

**Eitt frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar á loftmengun skulu fara fram og taka mið af losunarmörkum og umhverfismörkum sbr. gr. 3.5. Ekki hefur tekist að koma á áreiðanlegum mælingum á ammóníum vegna ársins 2023. **Rekstraraðili vinnur að úrbótum á mælibúnaði ammóníums (sjá nánari umfjöllun hér að ofan).**

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir uppfærðri tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10. janúar 2025.**

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur